From:	Arndís Soffía Sigurðardóttir
To:	Elliði Vignisson; bragi@arborg.is; ingimar@hveragerdi.is; Ásta Stefánsdóttir; aldis@fludir.is; Anton Kári Halldórsson; sveitarstjori; sveitarstjori@ry.is:; asahreppur@asahreppur.is; Hjalti Þór Vignisson; sigurjon@klaustur.is; sylviakaren@skeidgnup.is; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir; hulda@floahreppur.is
Cc:	Ingunn Jónsdóttir; Grímur Hergeirsson
Subject:	Öruggara Suðurland - áframhaldandi samstarf
Date:	föstudagur, 23. október 2026 11:08:52
Attachments:	image001.png image002.png image003.png image004.png image005.png image006.png Stofnsamþykkt-ÖS (2).pdf

---

Sælir sveitarstjórar

Á ársþingi SASS n.k. föstudag fæ ég að ávarpa samkomuna og kynna það starf sem ykkar fólk, í samvinnu við lögreglu og fleiri stofnanir, hafa unnið á vettvangi Öruggara Suðurlands á þessu starfsári.

Stofnfundur Öruggara Suðurlands var haldinn í Þorlákshöfn vorið 2024. Lögreglan á Suðurlandi óskar eftir áframhaldandi samstarfi við alla hagaðila en nú er komið að því að endurnýja umboðið eftir sveitarstjórnarkosningar.

Við þetta tækifæri á ársfundi SASS óska ég því eftir undirritun allra sveitarstjóra undir nýja samstarfsyfirlýsingu um samráðsvettvanginn. Yfirlýsingin verður efnislega sambærileg stofnsamþykktinni, sem er hér í viðhengi, fyrir utan það að lögreglan leggur til að SASS verði gerður að formlegum samstarfsaðila Öruggara Suðurlands. Við þetta tækifæri verður líka gengið frá tilnefningum í framkvæmdateymi samráðsvettvangsins.

Ég hlakka til að hitta ykkur öll á föstudaginn, segja frá starfinu okkar og svara spurningum ykkar. Ef einhverjar spurningar eða vangaveltur vakna á þessum tímapunkti eða ef þið viljið gera athugasemdir við fyrirhugaðan ráðahag skulið þið ekki hika við að senda mér tölvupóst.

Kveðja góð,

Arndís Soffía Sigurðardóttir
Aðallögfræðingur
Skrifstofa lögreglustjóra

Lögreglustjórinn á Suðurlandi
arndis.sigurdardottir@logreglan.is

Um ábyrgð í tölvupósti sudurland@logreglan.is 4442000 - Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvelli

grænt SKREF
Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupóstur er prentaður / Please consider the environment before printing.